



**Akureyri**  
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

Velferðarnefnd Alþingis  
v/Austurvöll  
150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 140/102*  
*komudagur 14.11.2011*

Akureyri, 10. nóvember 2011  
2011110043 / 12-401

**Efni:** Sjúkrahúsið á Akureyri - niðurskurður á framlögum til rekstrar á árinu 2012

Bæjarráð hefur á fundi sínum þann 10. nóvember 2011 gert eftirfarandi bókun:

*Bæjarráð Akureyrar mótmælir þeim niðurskurði sem boðaður hefur verið á Sjúkrahúsinu á Akureyri á árinu 2012. Um er að ræða mikla þjónustuskerðingu og umtalsverða fækkun leguplássá.*

*Sjúkrahúsið á Akureyri er samkvæmt lögum varasjúkrahús Landspítalans og því mikilvægt að standa vörð um stofnunina. Þá mun niðurskurður á öðrum heilbrigðisstofnunum í nærliggjandi sveitum enn auka álagið á Sjúkrahúsið á Akureyri og því nauðsynlegt að efla starfsemi þess fremur en að skerða hana.*

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,

Eiríkur Björn Björgvinsson

bæjarstjóri

